

# SKATTFRÁDRÁTTUR

Endurgreiðsla rannsóknar- og þróunarkostnaðar



ATVINNUVEGA- OG  
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ



FJÁRMÁLA- OG  
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ



## Markmið

Markmiðið er að efla rannsóknir og þróunarstarf og bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja með því að veita þeim rétt til skattfrádráttar vegna kostnaðar við nýsköpunarverkefni.

## Fyrir hverja?

Fyrirtæki sem eru eigendur rannsókna- eða þróunarverkefna. Háskólar og stofnanir teljast ekki fyrirtæki í skilningi þessara laga.

## Hvað er í boði?

Fyrirtæki sem er eigandi að rannsóknar- eða þróunarverkefni á rétt á frádrætti frá álögðum tekjuskatti sem nemur allt að 20% af útlögðum kostnaði vegna þessara verkefna.

Hámark kostnaðar til útreiknings hjá hverju fyrirtæki er 300 m.kr. (450 m.kr. ef um er að ræða samstarfsverkefni og ef fyrirtækið er með aðkeypta rannsóknar- eða þróunarvinnu).

Skattfrádráttur miðast við verkefni og þarf að sækja um fyrir hvert verkefni.

## Ferlið

Fyrirtæki sækja um staðfestingu á rannsóknna- eða þróunarverkefni til Rannís.

Fyrirtæki sem fá staðfestingu á rannsóknna- eða þróunarverkefni eiga rétt á frádrætti á tekjuskatti. Fyrirtæki gera grein fyrir kostnaði á skattskýrslu til RSK og þarf endurskoðandi að staðfesta uppgjorið.

Sé álagður tekjuskattur lægri en ákvarðaður frádráttur, eða lögaðila er ekki ákvarðaður tekjuskattur vegna skattalegs taps, er frádrátturinn greiddur út.

## Umsókn

Gera þarf grein fyrir verkefni á umsóknarvef Rannís.

Stutt viðskiptaáætlun þarf að fylgja með umsókninni, sniðmát er á heimasíðu Rannís - lögbundið.

Ef verkefni eru samstarfsverkefni þarf samstarfs-samningur að liggja fyrir milli umsækjenda.

Sækja þarf um fyrir hvert verkefni fyrir sig.

## Kostnaður

*Rannsóknar- og þróunarkostnaður:* Beinn kostnaður við verkefnið og annarra aðfanga sem eingöngu fellur til við verkefnið.

Með umsókn skal fylgja greinargóð lýsing á verkefninu ásamt verk- og kostnaðaráætlun.

Halda þarf öllum kostnaði við hvert verkefni aðskildum frá öðrum rekstri.

## Hámarks opinber stuðningur

Samanlagður styrkur frá opinberum aðilum að meðtöldum skattfrádrættinum getur ekki farið yfir ákveðin hlutföll.

	Þróunarverkefni		Rannsóknarverkefni	
	Án samstarfs	Samstarfsverkefni	Án samstarfs	Samstarfsverkefni
Lítill fyrirtæki	45%	60%	70%	80%
Meðalstór fyrirtæki	35%	50%	60%	75%
Stór fyrirtæki	25%	40%	50%	65%


## Umsóknafrestir

- ✓ Nýjar umsóknir – til 1. október.
- ✓ Framhaldsverkefni – til 1. apríl.


Athugið að þessir umsóknafrestir eru lögbundnir og það er ekki hægt að færa þá til.



## Hvaðan er sótt?



# Skattfrádráttur



Fyrir árið 2018 er áætlað að skattfrádráttur muni nema u.þ.b. 3.1 milljarði króna.

# Skattfrádráttur

